



Fjölbrautaskóli Suðurlands

MYND1SX05

Kennsluáætlun – haustönn 2018

Kennarar áfangans:

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

Áfangalýsing:

Í áfanganum hljóta nemendur þjálfun í myndlist og hönnun. Lögð er áhersla á að nemendur virki hugmyndaflug sitt og sköpunargáfu. Ýtt er undir umræður um myndlist, aðferðir, strauma og stefnur. Áætlunin er einstaklingsmiðuð, oft unnin í samráði við nemandann og fer eftir áhugasviði hans og getu. Efnistöð geta verið af ýmsum toga og nemendur hvattir til þess að þróa sín vinnubrögð sem og kynnast nýrri nálgun og efnistöðum.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- því hversu sköpun getur verið gefandi.
- hversu mikið hægt er að nota myndlistina til að tjá sig.
- hversu mikilvægt er að eiga gott hugmyndaflug.
- hversu mikilvægt er að geta tjáð sig um sína list.
- breytilegum aðferðum við listsköpun sem og ólíku efni.
- að þetta svið er það fjölbreytt að yfirleitt er ekkert eitt rétt.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fullvinna verk út frá eigin hugmyndum.
- taka leiðsögn til framfara og þróunnar.
- þora að takast á við nýjar áskoranir.
- að nota hugmyndaflug sitt, virða það og viðurkenna.
- tjá sig með listsköpun.
- nota mismunandi aðferðir og efni.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- njóta sín í listsköpun við hæfi.
- gera sér grein fyrir mikilvægi vinnuframlags.
- meta eigin verk og vinnu að verðleikum.
- beyta ólíkum efnum og áhöldum við sína sköpun.
- tjá hugmyndir sínar í verki.
- tjá hugmyndir sínar með orðum.
- taka við leiðsögn til enn frekari þroska í faginu.

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlög, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur fá teiknipappír, blýanta, yddara og strokleður til afnota í stofunni.
- Áfanginn er próflaus, símats- og leiðsagnarmats áfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst eða í síðasta lagi 1. sept. 2018

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.